

**Mál nr. 137/2018**

**M og  
V v/ víðtækrar eignatryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á riffli.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.5.2018, ásamt fylgigögnum.  
Bréf V, dags. 9.5.2018, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 23. mars 2018 var M með stóran riffil í sinni eigu við skotæfingar. Hann var búinn að skjóta tveimur skotum, en þegar þriðja skotið kom sprakk riffillinn „aftur úr“ en ekki fram. Að áliti byssusmiðs, sem M leitaði til mun skothylkið hafa sprungið og valdið skemmdunum. En ekki hafi verið um að ræða bilun í búnaði riffilsins.

Riffillinn var tryggður svokallaðri víðtækri eignatryggingu hjá V. M hefur krafist bóta úr váttryggingunni vegna þeirra skemmda sem urðu á rifflinum umrætt sinn. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Í 2. gr. váttryggingarskilmála hinnar víðtæku eignatryggingar hjá V er váttryggingarsviði váttryggingarinnar lýst svo að váttryggingin bæti beint tjón á hinu váttryggða sem verður vegna skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks sem ekki er undaþegið í skilmálunum. Svo M eigi þess kost að fá tjónið bætt úr váttryggingunni ber honum að sýna fram á að skemmdirnar á rifflinum hafi orðið af völdum atviks sem falli undir fyrrgreint váttryggingarsvið, þ.e. skyndilegs og utanaðkomandi atviks. Ekki verður dregið í efa að skemmdirnar megi rekja til þess að skothylki inni í rifflinum hafi sprungið. Hvað sem því líður verður ekki séð af fyrirliggjandi gögnum að skemmdirnar verði raktar til utanaðkomandi atviks sem er nauðsynlegt skilyrði þess að tjónið fáið bætt úr váttryggingunni. Af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr váttryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr víðtækri eignatryggingu hjá V vegna skemmda á riffli.

Reykjavík, 15. júní 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Lúðvík Bergvinsson lögm.